

50.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 17.nóvember 2014 og hófst kl. 18.00.

Mætt: Sigurjón, Ása, Kári, Sturla og Gry.

Þetta gerðist:

- **Fundargerð** síðasta fundar samþykkt.
- **Endurskoðun reglugerða**
Endurskoðun stendur yfir og er í höndum Ásu og mun hún segja frá vinnunni á formannafundinum á Akureyri. Ákveðið var að taka fyrir siðareglur KRAFT og landsliðssamninga líka. Stefnt er að því að þetta verði tilbúið fyrir formannafundinn í vor.
Ása áfram með málið.
- **Starfið í nefndunum**
Gry sagði frá þjálfaranámskeiði sem er framundan og hugmyndir um hvernig megi bæta kynningu íþróttarinnar og móttöku nýliða. Þetta verður rætt á formannafundinum.
Gry boðar fund í fræðslunefnd.

Kári sagði frá starfi landsliðsnefndar sem er að undirbúa næsta keppnisár. Hann lagði fram lágmarksviðmið sem verða birt á kraft.is
Kári boðar fund í landsliðsnefnd.

Sturla sagði frá starfi aganefndar og úrskurði í máli 2014/2. Nefndin hefur mótað þá stefnu að veita áminningu við fyrsta brot, en beita drjúgum fjársektum við ítrekuð brot. Aganefndin telur nauðsynlegt að minna dómara á þau úrræði sem þeir hafa til að áminna og vísa mönnum af leikvelli ef tilefni er til.
Stjórnin felur dómaranefnd að halda dómaraklíník í tengslum við ÍM 2015 þar sem þetta mál m.a. verður rætt.
Gry sendir erindið til dómaranefndar.
- **Afrekssjóður**
Skila þarf umsóknum í afrekssjóð næsta árs. Umræða um forgangsröðun frestað til næsta fundar.
- **RIG**
Gry sagði frá undirbúningi undir ÍM í bekkpressu og RIG. Mótshaldið er í höndum Breiðabliks en Gry hefur með skipulag mótsins að gera að öðru leyti. Beðið er eftir svar frá gestakeppendum erlendis frá.
- **Ársþing 2015**
Undirbúningur er hafin.
Stjórnin ræddi framtíðaráherslur m.a. hugmynd um að taka upp lyfjagjald í tengslum við skráningu á helstu mót á næsta ári. Verður hugmyndin kynnt á formannafundinum.
Vinna er hafin við stefnumarkandi skjal fyrir 2015 – 18 sem stjórnin vill leggja fyrir þingið.

- **Formannafundur**

Fundurinn verður haldinn í húsnæði ÍBA og hefst með máltíð kl. 20.00. Viðar Sigurjónsson, verkefnastjóra ÍSÍ kemur á fundinn og kynnir þjálfaramenntun og fyrirmyndarfélagshugmyndina.

- **Önnur mál**

Sigurjón sagði frá ársþingi IPF og árangur íslensku keppendanna á HM. Stjórnin fagnaði góðum fréttum, sérstaklega árangur Sigfúss Fossdals sem lenti í 4.sæti í sínum þyngdarflokki. Ákveðið var að veita Sigfúsi styrk vegna ferðarinnar að upphæð 80.000 kr.

- Ekkert fleira gert

Fundi slitið 19.30

Fundarritari Gry Ek